

6. Fundur Atvinnu-, menningar og ferðamálanefndar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri fimmtudaginn 16.apríl 2015. kl: 16:30

Mættir eru: Björn Guðmundur Björnsson formaður, Guðmundur Björnsson og Vikar Már Vífilsson

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboðið. Svo var ekki

1 Air 66-Markaðsstofa norðurlands

Atvinnu- og ferðamálanefnd Langanesbyggðar telur að afar mikilvægt sé, að unnið sé að því að ná sem flestum ferðamönnum með millilandaflugi til Akureyrar sem og Egilsstaða. Slíkt mun hafa mikil áhrif á á þróun ferðamála í sveitarfélaginu. Nefndin telur að sveitarfélagið ætti að hinkra að svo stöddu með að taka þátt í verkefninu eða þar til nágrannasveitarfélögin komi að verkefninu að meiri krafti. Samþykkt samhljóða

2 Gafi- Félag um þingeyiskan byggingararf

Atvinnu- og ferðamálanefnd Langanesbyggðar leggur til að sveitarfélagið láti gera húsakannanir eða athugun í sveitarfélaginu með það fyrir augum að varðveita merk mannvirki sem hafa menningarlegt gildi. Einnig leggur nefndin það til að þeir sem hafa unnið vel að endurgerð gamalla mannvirkja í sveitarfélaginu, fái viðurkenningu þess efnis og verði öðrum til hvatningar til slíkra verkefna. Samþykkt samhljóða

3 Brunabótafélag Íslands- Erindi

Umræður um ýmis mál og nefndin leggur til að sveitarfélagið feli Grétu Bergrúnu að vinna að umsókn úr sjóðinum. T.d. umsókn til uppbyggingar á sjávardýrasafni sem gaman væri að geta sett upp
Samþykkt samhljóða

4 Önnur mál

Skoðaðar niðurstöður könnunar um Atvinnu og ferðamál. Ýmis mál rædd

Fundi slitið 16:57